

Nd.

## 8. Nefndarálit

[2. mál]

um frv. til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og kvatt til viðtals hagstofustjóra og forstöðumann Þjóðhagsstofnunar, en frumvarpið er um staðfestingu á bráðabirgðalögum frá 21. maí 1974.

Nefndin telur nauðsynlegt, miðað við núverandi ástand, að framlengja ákvæði bráðabirgðalaganna frá 21. maí 1974 til 30. september næstkomandi. Hún leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem þar að lúta og bornar eru fram á sérstöku þingskjali. Tveir nefndarmenn rita undir álitid með fyrirvara.

Alþingi, 19. ágúst 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
form., frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Karl G. Sigurbergsson,  
fundaskr., með fyrirvara.

Gunnar Thoroddsen.

Karvel Pálmason,  
með fyrirvara.

Þórarinn Þórarinsson.

Matthías Bjarnason.